

Sp. 357. Tillaga til þingsályktunar [141. mál]

um kosningu milliþinganevndar um öryrkjamál.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Bernharð Stefánsson, Jóhann Jósefsson,
Eggert Þorsteinsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til þess að rannsaka og gera heildar-
tillögur um lausn á atvinnumálum og félagslegum vandamálum öryrkja í landinu.
Skal nefndin afla álits sérfræðinga og hafa samráð við samtök öryrkja.

Nefndin skal hraða störfum svo sem unnt er. Kostnaður við störf hennar greið-
ist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í sambandi við frv. til l. um framlengingu á vöruhappdrætti Sambands íslenzkra
berklasjúklinga hefur fjárhagsnefnd efri deildar rætt öryrkjavandamálin í heild og
fengið fróðlegar upplýsingar og umsagnir, munnlegar og skriflegar, frá Sambandi
íslenzkra berklasjúklinga, Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra og Sjálfsbjörg — félög-
um fatlaðra á Siglufirði, Akureyri, Ísafirði, Reykjavík og Selfossi.

Nefndarmenn telja nauðsynlegt, að fram fari hið fyrsta heildarathugun á atvinnu-
málum og félagslegum vandamálum öryrkja í landinu, og flytja því í sameinuðu
þingi tillögu þessa um kosningu milliþinganevndar í málið.